



Ljós 2A05 Ljósmyndun

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Kristveig Halldórsdóttir og Þíðrik Kristján Emilsson

Netfang/netföng:

kristveig.halldorsdottir@borgo.is,
thidrik.emilsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur að beita aðferðum stafrænnar ljósmyndunar til persónulegrar sköpunar og upplýsingaöflunnar. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um inntak og uppbyggingu einstakra mynda og í samhengi myndaða. Tveir þættir vega þyngst í vinnunni. Annars vegar grunnþættir stafrænnar ljósmyndunar, myndataka, eftirvinnsla og prentun hins vegar ferlið sköpun, túlkun og tjáning þar sem nemendur vinna að eigin verkefnum undir leiðsögn kennara. Nemendur læra að stilla myndavélar rétt miðað við aðstæður, um samspið á milli ljósops, hraða og ISO og hvernig þeir geta stjórnað fókusdýpt mynda. Í eftirvinnslu er áhersla á lita- og birtustillingar, stærð mynda, mismunandi gerð myndaskráa og að ganga frá ljósmyndum til birtingar bæði fyrir prent og skjá.

Þekkingarviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig ljósop, hraði og iso stillingar vinna saman.
- hvernig mismunandi vídd linsu hefur áhrif á dýpt myndflatar.
- lit- og birtustýringu ljósmynda í myndvinnsluforriti.
- upplausn og stærð mynda fyrir prent og skjá.
- hvernig mismunandi myndbyggingar hafa áhrif á endanlega útkomu.
- skilji hvernig ólík tákni sem birtast í myndum, geta breytt merkingu myndar.

Leikniviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita myndavél af öryggi.
- stilla iso, ljósop og hraða rétt miðað við aðstæður.
- eftirvinna ljósmyndir í myndvinnsluforriti og ná fram hámarksgeðum.
- stærðarstillta og vista ljósmyndir rétt miðað við birtingarmáta.

Hæfniviðmið.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér ljósmyndun sem miðil til persónulegrar sköpunar og upplýsingaöflunnar.
- stilla myndavélar rétt miðað við aðstæður.
- stilla grátónadýpt, birtu, andstæður og litblæ ljósmyndar í eftirvinnslu.
- fullvinna ljósmynd fyrir prent og skjá.
- fjalla um og meta eigin verk á upplýstan og greinargóðan hátt. koma verkum sínum á framfæri á skjámiðlum og á prenti. Námsmat: sjálfsmati og frammistöðumat.

Námsmat:

Símmatsáfangi. Verkefnin eru unnið jaft og þétt yfir alla önnina. Nemendur þurfa að skila inn öllum verkefnum og ná lágmarkseinkunn sem er 4,5 að lámarki. Einnig er notast við leiðsagnarmat og frammistöðumat. Nemendur kynna verkefnin fyrir hópnum þegar verkefnisskil eru.

100% Ljósmyndaverkefni / myndvinnsla og prentun

- 10% Marabon (hópverkefni)
- 10% Ljós og skuggi
- 10% Hægt og hratt
- 10% Rannsóknarverkefni íslenskir ljósmyndarar / sýning
- 16% Borgarlandslag
- 17% Náttúran og áhugaverður hlutur!
- 17% Portret af manneskju
- 10% Issu ljósmyndabók

100% Mat verkefna:

- 20% Listrænu gildi og frumleiki
- 60% Tæknilegri færni í vinnslu og töku, uppröðun, samsetning, myndbygging mynda
- 20% Kynningu á eigin verkum og þátttöku í umræðu um verk annara, framfarir

Námsgögn:

Forrit: Adobe Photoshop og Adobe Lightroom

Stílabók / Skissubók / hugmyndavinna og til að skrifa niður leiðbeiningar varðandi myndavélar, ljósmyndun og forritin.

Ljósmyndavél / stafræn. Nemendur geta líka fengið lánaðar myndvélar hjá tækjaverði Listnáms sem er með skrifstofu á 2. hæð við hliðina á stofu 224. Opið frá 09:00 – 15:00 (lokað frá 11:30 – 12:30)

Harður diskur, flakkari – 1TB – mjög mikilvægt að kaupa.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 80% raunmætingu.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Nemendur eru minntir á að slökkva á farsímum og borða ekki í tímum.

Leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Inngangur – kynning á áfanganum. Hvað þurfið þið að kaupa? Myndavélar sem þið þurfið að nota, myndavélar skólans. Tækjavörður og tækjaleiga.	
2	9.-13. janúar	Ykkar heimasvæði á heimasvæði skólans. Lightroom – flakkari. Vistun á stafrænum gögnum og flokkun. Stafræn vinnuumhverfi.	
3	16.-20. janúar	Maraþon – myndbygging – myndavélin. Hvernig á að vista ljósmyndir og hvar?	
4	23.-27. janúar	Maraþon – vinnuvika / klára að taka myndir og gera kynningu. Búar til rafbók – kynna verkefnið.	10%
5	30. jan- 3. febrúar	Ljós og skuggi - Myndvinnsla og vistun ljósmynda fyrir prentun, prentari.	
6	6.-10. febrúar	Ljós og skuggi – myndvinnsla og birta, contrast, croppa myndir og fl. Rafbók og kynning	10% Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Hægt og hratt , verkleg kennsla nemendur æfa sig að stilla myndavélina	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Hægt og hratt, myndvinnsla og tökurl. Rafbók og kynning	10% Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Rannsóknarverkefni um íslenska ljósmyndara / sýningarheimsókn / Rannsóknarverkefni kynning	10%
10	6.-10. mars	Borgarlandslag Reykjavík sjá með ykkar augum.	16%
11	13.-17. mars	Borgarlandslag – rafbók og kynning	
12	20.-24. mars	Náttúran og áhugaverður hlutur!	
13	27.-31. mars	Náttúran og áhugaverður hlutur	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Náttúran og áhugaverður hlutur! Rafbók og kynning.	17%
16	17.-21. apríl	Portret af manneskju	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Portret af manneskju.	Vörðuvika II
18	1.-5. maí	Portret af manneskju. Rafbók / kynning/ próf	17% Dagur verka- lýðsins
19	8.-12. maí	Issu ljósmyndabók	
20	15.-16. maí	Issu ljósmyndabók	10% Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.